

1860.
16. febrúar. gjöra um réttan skilning á reglunum — og fylgja því bréfi þessu til samanburðar, ef einhver vafi kynni að verða á, tvö expl. af reglum um manntal í sveitum í Danmörku o. s. frv. — ; eruð þér og beðnir að láta yður einkar annt um, að manntalskrárnar og aðaltöflurnar frá öllum sóknum í prófastsdæmi yðar komist hingað með fyrstu póstskeipsferð næsta ár.

17. febrúar. **8. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um ölmusur til prestaskólans í Reykjavík.**

Þér hafið, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, eptir tilmælum stjórnarinnar, í bréfi dags. 10. maí í fyrra, látið í ljósi álit yðar um bænarskrá þá, sem alþing sendi hingað 1857 viðvíkjandi prestaskólanum í Reykjavík, þar sem beðið var um, að auk þeirra þriggja ölmusa, sem veittar eru úr ölmusúsjóði háskólans, yrði enn fremur úr ríkissjóðnum veittar þrjár ölmusur, jafnháar þeim, sem verið hafa.

Stjórnin hefur nú kynnt sér álitsskjal þetta, og þótti henni ei að síður ísjárvert, að leggja þann kostnað á ríkissjóðinn, er af því leiddi, ef það fengist, sem um var beðið. Þar á móti hefur hún enn að nýju snúið sér til háskólaráðsins í Kaupmannahöfn og spurt það, hvort nokkur von mundi til, að fleiri ölmusur gætu fengizt úr ölmusúsjóði háskólans handa prestaskólanum í Reykjavík.

Eins og sjá má af álitsskjölum háskólaráðsins, er hér fylgja, hefur það þverneitað þessu, og sér stjórnin því engan veg til að gjöra frekara í máli þessu. Eg hef ekki viljað láta hjálfaða, að láta yður vita þetta.